

Fundargerð starfshóps um framtíðaruppbyggingu íþróttamiðstöðvarinnar í Borgarnesi

4. Fundur haldinn þann 24. október 2019 kl. 16:00 í Ráðhúsi Borgarbyggðar.

Mætt: Silja E. Steingrímsdóttir, Guðveig Eyglóardóttir, Orri Jónsson, Jón Arnar Sigurbórsson og Unnur Jónsdóttir. Einnig sátu fundinn Anna Magnea Hreinsdóttir sviðsstjóri fjölskyldusviðs og Kristján Finnur Kristjánsson verkefnastjóri framkvæmdarsviðs.

Gestir fundarins undir fyrsta lið voru: Ingunn Jóhannesdóttir forstöðumaður íþróttamiðstöðva Borgarbyggðar, sem einnig sat undir öðrum lið, Sigurður Guðmundsson framkvæmdastjóri UMSB, Guðrún Þórðardóttir formaður Dansíþróttafélags Borgarfjarðar, Margrét H. Gísladóttir formaður Körfuknattleiksdeildar Skallagríms, Guðmundur Daníelsson formaður Golfklúbbs Borgarness, Kristján Guðmundsson formaður Ungmennafélagsins Íslendinga, Kristján Gíslason formaður Hestamannafélags Borgfirðinga og Páll Brynjarsson formaður knattspyrnudeildar Skallagríms.

1. Samráð við formenn deilda innan UMSB.

Rætt um helstu þarfir deilda fyrir aðstöðu. Fram kom að bæði körfuboltadeild Skallagríms og knattspyrnudeildin glíma við aðstöðuleysi og er orðið brýnt að bæta þar úr. Knattspyrnan er með góða aðstöðu yfir sumartímamann en ekki vetrartímamann. Körfuboltadeildin þarf stærri sal. Tímar í íþróttahúsinu eru þétt setnir og erfitt að fá tíma við hæfi. Salir í kjallara Menntaskólans nýtast nokkrum félögum og er stefnt að því að nýta þá betur. Einnig var rætt um nýtingu á íþróttamannvirkjunum á Kleppjárnsreykjum og Varmalandi.

Rætt um staðsetningu á íþróttamannvirkjum og voru fundarmenn sammála að margt styður við að byggja sem næst núverandi íþróttamiðstöð þar sem mikil samlegðaráhrif fylgja því. Einnig skiptir nálægð við skóla máli og samnýting á starfsfólki. Rætt var m.a. um fyllingu bak við núverandi íþróttahús og æfingavæðið sem mögulegar staðsetningar.

Rætt um framkvæmdatíma og mikilvægi þess að áfangaskipta framkvæmdum. Lögð var áhersla á að sundlaugin væri opin á meðan á framkvæmdum stendur og að hægt sé að byggja útiklefa. Mögulega er hægt að nýta Hjálmaklett og Reiðhöllina á meðan á framkvæmdum stendur.

Rætt um hvers konar hús ætti að byggja og var því velt upp hvort dúkahús kæmi til greina eða hús úr yleiningum. Einnig hvort endurnýja á núverandi íþróttahús eða rífa það og byggja nýtt frá grunni.

Þegar farið verður í þarfagreiningu mun nánara samráð verða haft við formenn deilda.

2. Samráð við forstöðumann íþróttamannvirkja í Borgarbyggð

Forstöðumaður íþróttamannvirkja fór yfir helstu atriði sem þyrfti að hafa í huga í þarfagreiningu, t.d. aðstöðu starfsmanna, aðstöðu fyrir félögin, félagsaðstöðu fyrir börn og fullorðna, geymslur, aðstöðu fyrir dómara, nýtt anddyri, klifurvegg, aðstöðu fyrir jaðaríþróttir, aðstöðu fyrir eldri borgara, þreksal, aðstöðu fyrir sölu á hollum varningi og huga þarf að bílastæðum. Þegar farið verður í þarfagreiningu mun verða haft nánara samráð við forstöðumann íþróttamannvirkja í Borgarbyggð.

3. Tilboð í þarfagreiningu og næstu skref

Orrí Jónsson vék af fundi undir þessum lið. Þann 17.10 2019 kl. 11 var opnuð verðkönnun um þarfagreiningu á húsnæði íþróttamiðstöðvarinnar í Borgarnesi.

Þrjú tilboð bárust. Fulltrúi Verkís var viðstaddur opnun tilboða. Gert var ráð fyrir að verkið taki 50 klst.

- Einar Ingimarsson, arkitekt bauð 847.258 kr. án vsk. (1.050.600 kr. m. vsk.)
- Verkfræðistofan EFLA bauð 718.050 kr. án vsk. (890.382 m. vsk.)
- Verkfræðistofan Verkís bauð 687.500 kr. án vsk. (852.500 m. vsk.)

Verkís var með lágsta tilboðið og mælir starfshópurinn með því að gengið verði til samninga við lágstbjóðanda. Verkís hefur einnig töluverða reynslu af sambærilegum verkefnum og leggur starfshópurinn áherslu á að þeir aðilar innan Verkís sem hafa hvað mestu þekkingu og reynslu af sambærilegum verkefnum vinni þarfagreininguna fyrir Borgarbyggð. Leggur starfshópurinn áherslu á að vinna við þarfagreiningu fari af stað sem fyrst og að gert sé ráð fyrir fjármagni til þess við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2020.

Ákveðið var að boða þá aðila frá Verkís sem munu vinna þarfagreininguna á fund hópsins þann 27. nóvember nk.

Fleira ekki gert/AMH